



## **68. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra**

Fundur haldinn mánudaginn 25. nóvember 2024 í Íþróttahúsinu Þelamörk og hófst fundurinn kl. 12:00 með kynnisferð um Þelamerkurskóla.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Axel Grettisson, Hermann Ingi Gunnarsson, Mirjam Blekkenhorst, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Guðjón Ólafsson sat fundinn í gegnum Teams.

Í upphafi fundar var Mirjam Blekkenhorst boðin velkomin til starfa í stjórn SSNE.

### **1. Tillaga að úthlutun Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra ársins 2025.**

Lögð fram tillaga frá úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra að úthlutun ársins 2025. Díana Jóhannsdóttir, verkefnastjóri SSNE mætti til fundarins undir þessum lið. Alls bárust 147 umsóknir um styrki og heildarupphæð styrkja sem óskað var eftir var rúmlega 267 milljónir króna.

*Stjórn SSNE þakkar úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra og starfsfólki SSNE fyrir góða og vandaða vinnu. Stjórn samþykkir tillögu úthlutunarnefndar um úthlutun 2025. Úthlutað verður 72.500.050 krónum úr Uppbyggingarsjóði. Stjórn vekur athygli á að rafræn úthlutunarhátíð verður haldin 5. desember næstkomandi kl. 15.00.*

### **2. Endurskoðun samþykktar og verklagsregla Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra**

Rætt um hugmyndir að breytingum á samþykktum SSNE sem unnar hafa verið frá síðasta fundi.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram í samræmi við umræður á fundinum.*

*Helena Eydís Ingólfssdóttir yfirgaf fundinn kl. 15:05.*

### **3. Fundargerð 67. fundar**

Lögð fram til samþykktar fundargerð 67. fundar stjórnar SSNE.

*Stjórn samþykkir fundargerðina og felur framkvæmdastjóra að senda hana út til kynningar. Hermann Ingi Gunnarsson vék af fundi undir þessum lið.*

#### **4. Skipting framlags vegna atvinnu- og byggðapróunar á landsbyggðinni 2025**

Lagt fram til kynningar erindi frá Byggðastofnun um skiptingu framlags vegna atvinnu- og byggðapróunar á landsbyggðinni 2025.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **5. Mál til kynningar**

- a. [Fundargerð 955. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- b. [Fundargerð 954. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- c. [Fundargerð 953. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- d. [Fundargerð aðalfundar SASS.](#)

#### **6. Önnur mál**

- a. *Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra*
- b. *Aukafundur í desember*

Samþykkt að boða til aukafundar stjórnar í desember vegna vinnu við nýja Sóknaaráætlun Norðurlands eystra 2025-2029 þann 13. desember n.k. kl. 13:30.

*Fundi slitið kl. 15:45. Í framhaldi formlegs fundar heimsótti stjórn leikskólann Álfastein. Stjórn þakkar fulltrúum Hörgársveitar sérstaklega fyrir móttökuna.*